

Reykjavík 3. mars 1992

Alþingi

Menntamálanefnd Alþingis
B/t Þorsteins Magnússonar

Erindi nr. Þ 115 1595

komudagur 3 13 1992

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna hefur lagt fram greinagerð um frumvarp til breytinga á gildandi námslánakerfi. Stjórn Nemendafélags Kennaraháskóla Íslands tekur heilshugar undir þá greinagerð sem unnin er m.a. af okkar hagsmunafélagi, BÍSN (Bandalag íslenkra sérskólanema).

Til áréttingar við greinagerð samstarfsnefndarinnar skal bent á nokkur atriði, sem varpa ljósi á áhrif frumvarpsins, sem nú liggur fyrir Alþingi, á nemendur Kennaraháskóla Íslands.

Í hinu almenna kennaranámi (B.ed.-nám) við Kennaraháskóla Ísland er stór hluti nemenda með barn eða börn á sínu framfæri. Þetta leiðir til þess að lán með tilliti til framfærslu barna eru algeng. Bæði breytingar á endurgreiðslufresti úr þrem árum í eitt og vöxtum á námslánum leiðir til þess að greiðslubyrði lántaka eykst mjög mikið. Í útreikningi sem fylgir frumvarpinu og miðað er við framhaldskólakennara í leiguhúsnæði með eitt barn á framfæri sem hefur verið þrjú ár í námi kemur þessi aukna greiðslubyrði fram. Námsmaðurinn skuldar við 67 ára aldur enn um 97.883 kr eftir að hafa borgað stærsta hluta af starfsævi sinni um og yfir 130.000 kr. á ári í afborganir. (sbr. Frumvarp, bls. 39). Þessar tölur segja ekki alla söguna því að námstíminn er rangt áætlaður. Bæði er B.A eða B.S nám a.m.k. þriggja ára nám og við það bætist eins árs nám í kennslu- og uppeldisfræði.

Þar sem reynt er að nota útreikning um framhaldskólakennara til að varpa ljósi á kjör grunnskólakennara er vert að benda á að haustið 1993 verður almennt kennaranám lengt í fjögur ár, sem lengir þá lánstíman að sama skapi og eykur endurgreiðslubyrðina enn frekar.

Í frumvarpinu er stjórn lánasjóðsins fengin í hendur miklu meiri völd, en hún hefur í dag sem eykur á óvissu námsmanna og leiðir til óstöðuleika, þegar til lengri tíma er litið. Svo dæmi sé tekið, þá er stjórn sjóðsins, skv. frumvarpinu, heimilt að líta algjörlega fram hjá öllu félagslegu tilliti við ávörðun á framfærslu námsmanna sem óneitanlega setur t.d. námsmann í leiguhúsnæði og með barn á framfæri í mikla óvissu.

Ef frumvarpið til breytinga á gildandi lögum um LÍN nær í gegn með þeim miklu breytingum sem það hefur í för með sér fyrir námsmenn, munu þeir neyðast til þess að velja sér nám sem skilar þeim miklum fjárhagslegum arði, til að geta staðið undir endurborgunum á námslánunum.

Menntun eins og kennaramenntun, sem veitir námsmanninum réttindi til kennslu við grunnskóla eftir fjögurra ára nám, er langt í frá að vera vænlegur kostur. Enn um leið er skortur á kennurum í landinum. Þessar breytingar geta því mjög hæglega haft þær afleiðingar í för með sér, að færri fara í kennaranám og kennaraskortur vaxi enn.

Námsmenn gera sér fulla grein fyrir vanda sjóðsins og eru tilbúnir að taka á honum í samvinnu við stjórnvöld, en sú leið sem farin er, að gera þeim efnaminni mun erfiðara og nær vonlaust að afla sér menntunnar, er ekki rétta leiðin.

Stjórn Nemendafélags Kennaraháskóla Íslands